



Samanburður á lífeyriskerfum fimm landa

**Kynningarfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 7. mars 2017
Stefán Halldórsson, verkefnastjóri hjá LL**





LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

Aðdragandinn: Glæra OECD



Relatively Low Mandatory Pension Contribution Rate and High Theoretical RR



Markmið og forsendur samanburðar



- Upphaf að reglulegum samanburði – uppfært þegar ný gögn berast
- Gögn frá alþjóðastofnunum sem nota staðlaðar aðferðir
 - Samanburðurinn er í reynd gerður af öðrum, ekki Landssamtökunum
 - Þess vegna er talað um samantekt, ekki skýrslu
- Valin voru nágrannalönd sem Ísland er gjarnan borið saman við
 - með svipaða þjóðfélagsbyggingu, líf skjör og velferðarstig
 - en jafnframt með mismunandi tilhögun lífeyriskerfanna
- Sleppt var löndum með sérstöðu sem gerir samanburð erfiðari
 - Noregur með Olíusjóðinn, lönd með óverulega sjóðsöfnun

Samantektin á netinu



- Skjal á pdf-formi til útprentunar (45 síður)
- Kaflarnir og viðaukar á vefnum ***Lifeyrismal.is***
 - Tenglar á heimildir



Samantektin á netinu



SPURT OG
SVARAÐ

SVONA VIRKAR
KERFIÐ

LÍFEYRISSJÓÐIRNIR

Landssamtök
lífeyrissjóða

Lífeyrigáttin -
réttindin þín

ENG
POL

Lífeyrismál.is / Landssamtök lífeyrissjóða / Skýrslur og greinar / Samanburður lífeyriska fimm landa / Kafli 3: Samanburður lífeyris með framreikningi

Kafli 3: Samanburður lífeyris með framreikningi

Í þessum og og fjórða kafla eru notaðar tvær ólíkar aðferðir til að bera saman lífeyri í löndunum fimm.

- › Fyrri aðferðin (í þessum kafla) byggist á því að taka gildandi reglur á árinu 2013 og reikna út hvernig lífeyrir nýliða á vinnumarkaði yrði þegar kæmi að töku hans við lok starfsævinnar.
- › Hin aðferðin (í kafla 4) ber nýjustu fáanlegar upplýsingar um tekjur lífeyrisþega saman við meðaltekjur allra landsmanna.

Í ritinu **Pensions at a Glance** sem OECD gefur út annað hvert ár er borið saman lífeyrishlutfall (e. replacement ratio) í ríkjunum sem greining OECD nær til, þ.á m. á Íslandi. Hér á eftir er lýst aðferðum og niðurstöðum í samanburði landanna fimm úr ritinu frá 2015. Í öllum tilvikum er unnið með gögn frá árinu 2013.

Lífeyrishlutfallið sem OECD reiknar út er hlutfall ellilífeyris af meðallaunum á starfsævinni, frá 20 ára

Sjá nánar PDF skjal:

> **OECD Pensions at a Glance 2015**

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

- Almennt, hlutverk, starfsemi
- Stjórn og starfsfólk
- Fastanefndir
- Fundir, ráðstefnur og málþing
- Fréttir og á döfinni

Skýrslur og greinar

Viðtöl og greinar

Samantöl lífeyriska fimm landa

Kafli 1: Markmið og einkenni lífeyriska

Kafli 2 - Megineinkenni lífeyriska landanna fimm

Kafli 3: Samanburður lífeyris með framreikningi

Kafli 4: Samanburður á kjörum núverandi lífeyrisþega



Kaflar 1 og 2 í samantektinni

MARKMIÐ OG EINKENNI LÍFEYRISKERFA

Markmið lífeyriskerfa



Markmið	Viðmið	Ísland
<i>Vörn gegn fátækt aldraðra</i>	Engir eða fáir aldraðir undir fátæktarmörkum landsins.	Já
<i>Viðhald lífsgæðastigs</i>	Viðunandi hlutfall lífeyris af lokatekjum eða meðalævitekjum (lífeyrishlutfall)	Já, skv. samanburði OECD.
<i>Sjálfbærni kerfis</i>	Mannfjöldapróun auki ekki á byrðar komandi kynslóða.	Já
<i>Sanngirni</i>	Kerfið auki ekki á ójöfnuð í tekjum eða eignum.	Já
<i>Jákvæð áhrif á hagkerfi</i>	Sjóðsöfnun og fjölbreytni fjárfestinga.	Já
<i>Hvati til vinnu</i>	Kerfið umbuni fyrir unnin ár og vinnu á efri árum.	Já, þar til taka lífeyris úr opinbera kerfinu hefst.

Framkvæmd lífeyriskerfa



Framkvæmd	Viðmið	Ísland
<i>Sveigjanleiki lífeyristöku</i>	Breytilegur lífeyristökualdur og hlutalífeyrir.	Já, og eykst frá 2018
<i>Áhættuhlutdeild</i>	Samtrygging ævilangs lífeyris.	Já
<i>Hagkvæmni</i>	Samrekstur fyrir stóra hópa.	Já
<i>Flytjanleg réttindi</i>	Réttindi varðveitist þótt skipt sé um vinnu.	Meginregla, stefnt að því að verði algild.
<i>Framfærslulífeyrir</i>	Óheimilt að fá eingreiðslur til annarra útgjalda en hefðbundinnar framfærslu.	Já

Alþjóðabankinn 1994: Þrjár stoðir



Stoð	Lýsing	Markmið
1	Almannatryggingar	Vörn gegn fátækt
2	Starfstengdir lífeyrissjóðir	Viðhald lífsgæða
3	Séreignarsparnaður	Viðhald lífsgæða, erfanleiki

Alþjóðabankinn 2005: Fimm stoðir



Stoð	Lýsing	Fjármögnun	Markmið
0	Almannatryggingar	Skattfé ríkisins	Vörn gegn fátækt
1	Almannatryggingar	Iðgjöld	Vörn gegn fátækt
2	Starfstengdir lífeyrissjóðir	Iðgjöld	Viðhald lífsgæða
3	Séreignarsparnaður	Iðgjöld	Viðhald lífsgæða, erfanleiki
4	Aðrar eignir (innstæður, fasteignir o.fl.)	Eigin sparnaður	Viðhald lífsgæða, erfanleiki

Fjármögnun lífeyriskerfa



Skilgreining	Tilhögun	Stoð	Lönd
Ósýnileg/óbein iðgjöld	Almennt skattfé (<i>tryggingagjald</i>)	0	Danmörk, Ísland
Föst iðgjöld	Sama iðgjald frá öllum fyrir sama vinnuhlutfall og sami lífeyrir	1	Danmörk
Jöfnunariðgjöld	Iðgjald sem hlutfall af launum, en allir fá sama lífeyri	1	Bretland, Holland
Réttindamiðuð iðgjöld	Iðgjald sem hlutfall af launum, réttindi ráðast af fjárhæð iðgjalds	1	Svíþjóð
Réttindamiðuð iðgjöld	Iðgjald sem hlutfall af launum, réttindi ráðast af fjárhæð iðgjalds	2	Öll löndin fimm

Ólík sýn á samspil stoðanna



- **Svíþjóð:** Opinbera kerfið hugsað sem kjarninn í lífeyrissparnaði, en önnur sjóðssöfnun sem uppbót.
- **Bretland og Danmörk:** Starfstengdu lífeyrissjóðirnir hugsaðir sem kjarninn, en opinbera kerfið á að skila hverjum einstaklingi vissum grunnlífeyri. Enn kemur þó meirihluti lífeyrisgreiðslna frá opinbera kerfinu.
- **Holland:** Leitast við að láta stoðirnar tvær, hina opinberu og þá starfstengdu, bera áþekkan hlut af lífeyrisgreiðslum.
- **Ísland:** Starfstengdu sjóðirnir kjarninn, en opinbera kerfið á fyrst og fremst að sinna þeim sem hafa áunnið sér lítil eða engin réttindi til greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Ólík tilhögun í opinberu kerfunum



Land	Fjármögnun	Lífeyrir
Ísland	Skattar	Mikil tekjutenging og sumir fá engan lífeyri
Danmörk	Aðallega skattar, lágt iðgjald	Allir fá sama grunnlífeyri, tekjutengdar uppbætur
Bretland	Há iðgjöld	Allir fá sama lífeyri
Holland	Há iðgjöld	Allir fá sama lífeyri
Svíþjóð	Há iðgjöld	Allir fá lífeyri - lágur grunnlífeyrir, annar lífeyrir ræðst af iðgjöldum


Samspil stoða lífeyriskerfisins




Land	Opinbert kerfi	Söfnunarkerfi
Bretland	65%	35%
Danmörk	56%	44%
Holland	59%	41%
Ísland	26%	74%
Svíþjóð	85%	15%

Tölur OECD frá 2011

Samspil stoða lífeyriskerfisins



Sjóðsöfnun í % af landsframleiðslu






Kaflar 3 og 4 í samantektinni

SAMANBURÐUR MEÐ FRAMREIKNINGI OG MEÐ NÝLEGUM STAÐTÖLUM




- **Lífeyrishlutfall** er hlutfall ellilífeyris af meðallaunum á starfsævinni
- Hvað fær 20 ára nýliði sem byrjar á árinu 2014 í lífeyri við gildandi lífeyristökualdur landsins þegar þar að kemur?
 - Mislöng starfsævi – til 65-68 ára aldurs
- Reiknað út frá reglum kerfanna sem í gildi voru 2013
 - Nýlegar breytingar í Bretlandi og á Íslandi ekki komnar inn
- Sömu efnahagsbreytur fyrir öll löndin
 - þ.á m. hagvöxtur, raunávöxtun, vaxtastig

Lífeyrishlutfall af meðalævitekjum




Hlutfall af meðallaunum ■ 50% ■ 100% ■ 150%


Tekjujöfnuður á GINI-skala



Íbúar undir 50% fátæktarmörkum




Ráðstöfunartekjur og lágmarkslífeyrir




- Ráðstöfunartekjur eldri borgara í % af miðgildi ráðstöfunartekna landsmanna
- Lágmarkslífeyrir sem % af ráðstöfunartekjum

Tekjur eldri borgara % af miðtekjum



Samsetning tekna eldri borgara







Kafli 5 í samantektinni

FJÁRMÖGNUN LÍFEYRISKERFA

Ellilífeyrir opinbers kerfis í % af VLF



Ellilífeyrir stoða 1+2 í % af VLF



Iðgjöld til stoða 1 og 2




Land	Iðgjöld af launum til ríkisins	Iðgjöld af launum til sjóða (stoða 1 og 2)	Heildariðgjöld af launum til stoða 0-1-2
Bretland	25,8-27,8%	8%	33,8-35,8%
Danmörk	Launaskattur 8,0%	13-19%	21,5-27,5%
Holland	17,9%	7,5-9,4%	25,4-27,3%
Ísland	Tryggingagjald 4,0%	15,5%	19,5%
Svíþjóð	16%	7%	23%




Kafli 6 í samantektinni

ALDURSDREIFING OG ATVINNUÞÁTTAKA


Meðalaldur íbúa og vægi aldraðra




Atvinnuþátttaka eldri borgara



Opinber og virkur lífeyristökualdur



Ólifuð meðalævi við töku lífeyris





AF HVERJU KEMUR ÍSLAND
VEL ÚT?



Hagstæð aldursdreifing og mikil atvinnuþátttaka

eiga veigamikinn þátt í að íslenska lífeyriskerfið kemur vel út í alþjóðlegum samanburði, þrátt fyrir að hér séu greidd **lægri iðgjöld** en víðast hvar annars staðar,



Ákveðnir eiginleikar starfstengdu sjóðanna (stoðar 2) á Íslandi sem leiða til þess að lífeyrir frá þeim kemur vel út í alþjóðlegum samanburði:

- Lögbundin skylduaðild frá 16 ára aldri fram að 70 ára aldri og eftirfylgni af hálfu skattyfirvalda með því að iðgjöldin séu greidd.
- Skylduaðild nær bæði til launafólks og sjálfstætt starfandi aðila og til þeirra sem vinna hlutastörf jafnt og þeirra sem eru í fullu starfi.
- Lengri starfsævi en í samanburðarlöndum og þar af leiðandi meiri ávinnsla réttinda og lengra ávöxtunarskeið fjármuna.
- Atvinnuleysi hefur lengst af verið lítið samanborið við hin löndin og því er líklega meira um samfellda iðgjaldasögu hér á landi.



Kafli 7 í samantektinni

HEIMSVÍSITÖLUR LÍFEYRISKERFA

Engir aukvisar í samanburðinum



- Einkunnagjöf og röðun erlendra rannsóknastofnana:

Mercer (27 lönd)	Allianz (54 lönd)
1. Danmörk (80,5)	2. Danmörk (7,93)
2. Holland (80,1)	3. Svíþjóð (7,81)
5. Svíþjóð (71,4)	4. Holland (7,75)
11. Bretland (60,1)	11. Bretland (7,20)

- Ætla má að Ísland yrði ofarlega og a.m.k. í topp 10

Viðaukar með samantektinni



- Heimildir (skýrslur og gagnagrunnar OECD og fleiri aðila)
- Ítarlegri lýsingar á lífeyriskerfum landanna fimm
- Yfirlitsmyndir um einkenni kerfanna og fjárhæðir